

Velferðarnefnd

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2023

Tilvísun ÞÍ: 2023030936/5.0

Tilvísun sendanda:

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996 (geymsla og nýting fósturvísa og kynfrumna), 939. mál.

Þjóðskrá Íslands vísar til erindis Velferðarnefndar Alþingis dags. 26. apríl sl., þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996 (geymsla og nýting fósturvísa og kynfrumna), 939. mál.

Líkt og fram kemur í frumvarpi er markmið þess að virða vilja einstaklinga eða pars, sem hefur geymt kynfrumur eða fósturvísa í tengslum við tæknifrjógungunarferli, til að nýta kynfrumur eða fósturvísa þrátt fyrir andlát eða breytingu á sambúðarformi aðila. Með þessari breytingu er viðkomandi einstaklingum því falið ríkara ákvörðunarvald yfir eigin kynfrumum og fósturvísunum við framangreindar aðstæður. Telur stofnunin markmið með lagasetningu afar jákvæð en telur málið þurfa meiri skoðun að því er varðar skráningu foreldra. Er athugasemdir stofnunarinnar eftirfarandi:

Í fyrsta lagi bendir Þjóðskrá Íslanda á að frumvarpið feli í sér veigamikla breytingu við skráningu foreldris við fæðingu barns.

Í 1. tl. d. liðar 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins segir: „Læknir eða ljósmóðir sem tekur á móti barni skal spyrja móður sem elur barnið um faðerni þess, m.a. hvort um tæknifrjógungun hafi verið að ræða eða ekki og skrá yfirlýsingu hennar um það.“ Í núverandi 2. mgr. 7. gr. barnalaga eru mæður eingöngu spurðar út í faðerni en ekki hvort um tæknifrjógungun sé að ræða eins og nú er lagt til. Þetta felur í sér breytingu á núverandi framkvæmd við skráningu á börnum sem fæðast. Stofnunin telur ekki skynsamlegt að framkvæmdin verði sú að allar mæður sem fæða börn þurfi að upplýsa um hvort barn sé getið með tæknifrjógungun. Ljóst er að tæknifrjógungun kemur til þegar um frjósemisvandamál er að ræða og er því um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða sbr. 11 gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og telur stofnunin jafnframt óvíst að 8. gr. sömu laga heimili slíka vinnslu persónuupplýsinga. Telur stofnunin mun eðlilegra að fundin verði leið til þess að í þessum fáu undantekningartilvikum þá sé einstaklingum gert að skila inn upplýsingum um að notast hafi verið við fósturvísi látins eða fyrrum maka til þar til bærra aðila t.d. spítala sem kæmu þeim upplýsingum áfram til Þjóðskrár Íslands. Telur stofnunin mikilvægt að vinnsla upplýsinga í svona tilvikum sé ekki meiri heldur en nauðsynleg er.

Í öðru lagi þá snúast áhyggjur stofnunarinnar um ákvæði 3 tl. d. liðar 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins en þar segir:

„Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohi.jóðandi:

Þjóðskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

515 5300
skra@skra.is

skra.is

Móðir barns, barnið sjáft, sá sem er skráður faðir barns og sá sem telur sig föður barns geta óskað eftir leiðréttingu á skráningu á faðerni barns hjá Þjóðskrá Íslands á þeim grundvelli að skráning sé ekki í samræmi við faðerni barns samkvæmt lögum þessum. Sé faðir eða sá sem taldi sig föður látinn geta þeir eifingjar hans sem ganga jcfnhliða eða næst barninu að eifðum óskað eftir leiðréttingu á skráningu. Skal Þjóðskrá Íslands taka ákvörðun um leiðréttingu á skráningu."

Í dag verður foreldrastöðu samkvæmt barnalögum ekki breytt nema farið sé í véfengingarmál, en í frumvarpi er gert ráð fyrir að Þjóðskrá geti leiðrétti faðerni í þessum tilvikum. Þetta er algjör breyting á núverandi framkvæmd og felur að mati stofnunarinnar í sér frávik frá pater-est og parens-est reglunni. Sé þetta ætlunin er afar mikilvægt er að kveðið sé skýrt um hvaða gögn þurfa að liggja fyrir til þess að stofnunin geti „leiðrétt foreldrastöðu“.

Hefur stofnunin á fyrri stigum bent á vandamál þessu tengt. Hvernig fer þannig um þau tilvik þegar kona sem fæðir barn er komin í hjúskap eða sambúð með öðrum við fæðingu barnsins og hún gefur ekki réttar upplýsingar eftir fæðingu barns, þ.e. upplýsir ekki að um tæknifrjóvgun hafi verið að ræða, sem myndi fela í sér að nýi maki verður skráður foreldri barns. Hvernig ætti þá að vera hægt að leiðrétta slíkt, hvaða gögn þurfa að liggja fyrir til að það sé hægt? Þá vandast málið enn frekar ef fyrrverandi maki er látinn. Í frumvarpstexta er talað um að erfingjar látins föður geti farið fram á leiðréttingu. Hins vegar er því alveg ósvarað hvernig þessir aðilar eigi að geta útvegað sér gögn sem geti legið til grundvallar leiðréttingu þegar einstaklingur er látinn. Telur stofnunin að skoða þurfi sérstaklega hvernig erfingjar geti nálgast nauðsynlegar upplýsingar til þess að fara fram með slíka kröfu. Telur stofnunin að skoða þurfi sérstaklega hvort lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 myndu heimila ættingjum látins einstaklings að fá afhentar læknisfræðilegar upplýsingar um viðkomandi og fyrrum maka og hvort barn hafi verið getið með fósturvísi látins einstaklings.

Stofnunin telur að afar skýrt verði að vera kveðið á um það í lögum ef tæknifrjóvgun með þessum hætti trompar pater-est/parens-est regluna og skrá eigi samkvæmt henni jafnvel þótt vafi væri uppi um hvort kona væri ólétt vegna tæknifrjóvgunar eða eftir nýjan maka. Þyrfti eiginmaður í slíku tilviki þá til að mynda að fara í véfengingarmál sbr. II. Kafli barnalaga?

Þjóðskrá Íslands getur, sé þess óskað, mætt á fund velferðarnefndar og skýrt umsögn þessa nánar.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Telma Halldórsdóttir
Yfirlögfræðingur

Þjóðskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

515 5300
skra@skra.is

skra.is

Þjóðskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

515 5300
skra@skra.is

skra.is